



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 1. apríl 2019

Efni: Umsögn umboðsmanns barna við 5. gr. frumvarps til laga um þungunarrof, 393. mál.

Vísað er til símtals nefndarritara velferðarnefndar þann 27. mars sl. þar sem óskað var eftir áliti umboðsmanns barna á 5. gr. frumvarps til laga um þungunarrof sem nefndin hefur til meðferðar.

Umboðsmaður barna sendi umsögn um frumvarpsdrögin er þau voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda, þann 4. október 2018, þar sem lögð var áhersla á sjálfsákvörðunarrétt stúlkna um þungunarrof. Í áður nefndum frumvarpsdrögum var ekki að finna ákvæði um heimild stúlkna sem eru ólögráða fyrir æsku sakir til að taka eigin ákvörðun um þungunarrof. Er frumvarpið var lagt fram á Alþingi innihélt það hins vegar slíkt ákvæði, í samræmi við athugasemdir umboðsmanns barna.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er heimilt að rjúfa þungun hjá stúlku sem er ólögráða fyrir æsku sakir, að beiðni hennar, án samþykkis foreldra eða forráðamanna. Kveður frumvarpið jafnframt á um að bjóða skuli stúlkum í þeirri stöðu fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir. Hugtakið forráðamaður kemur fyrir í frumvarpinu en í íslenski löggjöf er hugtakið forsjáradili notað yfir foreldri eða þann aðila sem hefur rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetu stað þess, en nánari skilgreiningu á inntaki forsjár má finna í V. kafla barnalaga nr. 76/2003.

Að mati umboðsmanns barna er það í samræmi við stigvaxandi sjálfsákvörðunarrétt barna, sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, að ákvörðunarréttur um þungunarrof stúlkna hvíli hjá þeim sjálfum en sé ekki háður samráði við forsjáradila eða samþykki þeirra. Þá telur umboðsmaður barna brýnt að kveðið sé á um skyldu til að bjóða stúlkum fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir í kjölfar þungunarrofs en jafnframt að slík fræðsla ætti ekki að takmarkast við getnaðarvarnir heldur ætti fræðslan að taka til kynheilbrigðis almennt.

Virðingarfyllt,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna